

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
b.t. Valgerðar Bjarnadóttur formanns
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2011

Efni: Stjórnarskrárákvæði um stöðu íslenskrar tungu

Íslenskri málnefnd var falið í nýjum lögum um nefndina nr. 40/2006 að semja drög að íslenskri málstefnu fyrir menntamálaráðherra. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra 16. nóvember 2008 á degi íslenskrar tungu í ritinu *Íslenska til alls*. Tillögurnar, sem fjölluðu um allmörg svið íslenskrar tungu, voru samþykktar sem þingsályktunartillaga á Alþingi 12. mars 2009. Aðalmarkmið tillagnanna var að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Í fyrsta kafla *Íslensku til alls* er rætt um lagalega stöðu íslenskrar tungu þar sem Íslenskri málnefnd þótti það afar mikilvægt svið. Þar er rakið að ekki sé kveðið á um það í stjórnarskrá að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands. Málnefndin lagði á það áherslu að meðal markmiða íslenskrar málstefnu væri að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu sem þjóðtungu Íslendinga. Einnig taldi hún nauðsynlegt að tryggja stöðu íslenska táknmálsins og rétt íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna, sem fá hér dvalar- eða atvinnuleyfi, til kennslu í íslensku. Íslensk málnefnd lagði það til í *Íslensku til alls* að þegar yrði skipuð nefnd sérfróðra manna til að finna skynsamlegustu leiðina til að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi (bls. 28.)


Mennta- og menningarmálaráðuneytið brást við með því að skipa nefnd í maí 2009 sem skilaði skýrslu til ráðuneytisins í maí 2010 (*Skýrsla nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins*). Þar kemur m.a. fram að stjórnarskrá Íslands sker sig frá stjórnarskrám margra Evrópulanda þar sem finna má ákvæði um þjóðtunguna. Nefndin tók undir viðhorf Íslenskrar málnefndar og samdi drög að lagatexta. Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls voru samþykkt 7. júní 2011. Rétt er einnig að benda á grein Bjargar Thorarensen prófessors „Stjórnarskrárákvæði um stöðu íslenskrar tungu“ í *Skýrslu stjórnlaganefndar 2011* 1, bls. 217–224.



Íslensk málnefnd skrifaði stjórnlagaráði bréf 30. maí 2011 þar sem hún hvatti ráðið til að tryggja stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls með stjórnarskrarákvæði og kynnti fyrir ráðinu *Íslensku til alls*. Ekki var tekið tillit til þessarar ábendingar Málnefndarinnar.

Íslensk málnefnd hvetur því stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis til þess að beita sér fyrir því að sett verði í stjórnarskrá ákvæði sem tryggir stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Slíkt ákvæði mundi styrkja verulega nýsamþykkt lög nr. 61/2011.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar


Guðrún Kvaran
formaður